Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

20. ár. | Reykjavík, 14. ágúst 1914. | № 7.

Nýir tímar.

Stjórnarskrármálið samþykt óbreytt, nær því í einu hljóði.

Sá merkis-atburður gerðist hér þ. 12. þ. m. að Efri deild samþykti stjórnarskrárfrumvarpið, óbreytt í einu hljóði, og verður það því afgreitt sem lög frá Alþingi, sem ekkert vantar annað en staðfestingu konungs. — Og viljum vér vona að hún fáist.

Þótt nú þetta stjórnarskrárfrumvarp hafi ýmsa verulega galla, þá hefir það hinsvegar svo marga kosti, að bæði karlar og konur munu einhuga fagna því, ef það nær fram að ganga. Fyrir oss konur uppfyllir það að vísu ekki þær réttmætu kröfur og óskir, að oss séu með því þegar veitt sömu stjórnarfarslegu réttindi og körlum. En þessi réttindi fáum vér með hinni nýju stjórnarskrá viðurkend og löglega veitt, aðeins með þeirri aldurs takmörkun að fyrst skuli aðeins 40 ára konur fá kosningarrétt, og svo ofan eftir þangað til eftir 15 ár, að allar 25 ára konur hafa fengið þau, með sömu skilyrðum og karlmenn.

Þetta er auðvitað verra og leiðara afspurnar, en hvað það gerir mikið til í sjálfu sér. Það er aðeins fyrstu skiftin, sem kosið verður eftir að lögin komast í gildi, sem munurinn verður tilfinnanlegur. Hvert kosningartímabil er, sem menn vita 6 ár, og á þeim tíma mætast lögin og konurnar á miðri leið. Það verður því ekki nema 7½ ár, sem þær konur er lengst þurfa að bíða, verða að þola biðina. Hún kemur einmitt niður á þeim konum sem yngstar eru, og eftir eðli sínu *ættu* að vera óþolinmóðastar að fá þessi réttindi, en sem því miður, oft á þeim árum, gefa minna fyrir þau, en þær, sem eldri eru.

Vér getum því fyllilega glatt oss yfir því, ef svo fer, sem menn vona og óska, að konungur samþykki stjórnarskrána, þá er það langa þras úr sögunni frá vorri hendi, og vér konur getum þá tekið höndum saman um ýmisleg nauðsynjamál, sem árangurslaust hefir þótt að hreyfa, meðan vér stóðum sem utanveltubísefar í þjóðfjelaginu, sem engin tök höfðum á því að láta löggjafana heyra til vor, og urðum að þola að heyra ýmsa þeirra frá þingmannasætunum, velja kvenþjóðinni ýms meiðandi háðungarnöfn ef þeir mintust þeirra. Nú er vonandi að sá síður leggist niður með hinum nýju tímum, þegar vér stöndum á kjörstaðnum með kjörseðilinn í hendinni, því fyrir kjörseðlunum bera bæði þingmenn og þingmannaefni dýpstu lotningu.

Vér vonum enn fremur að karlmenn sanni það, að samvinna vor við þá í þjóðfélagsmálum verði góð, og engin ástæða hafi verið fyrir þeim kvíðboga um stórvægilegar byltingar í þjóðfélaginu, og valdagræðgi frá vorri hendi, sem vér mundum koma á stað, sem karlar hafa óttast svo mjög.

Íslenska þjóðin er að eðlisfari frjálslynd; Það hefir fjöldinn af þingmönnum vorum reynst jafnan í þessu máli. Því þótt flestum karlmönnum sé bæði af venju, og ýmsum öðrum skiljanlegum ástæðum, illa við að fleiri fái völdin í hendur, þá eru þeir svo skynsamir, frjálslyndir og réttsýnir, að þeir geta ekki annað en viðurkent það vera réttmæta kröfu, sem þeir verði að uppfylla. Það vekur bæði virðingu og þakklæti vort, og vér erum þess fullvissar að þegar bæði karlar og konur fara að æfast í þjóðfélags samvinnunni, þá muni þeir ekki fremur þykjast geta verið þar án aðstoðar kvennanna en á heimilunum.

Í N. deild greiddi Benedikt Sveinsson atkvæði gegn stjórnarskrárfrumvarpinu. Efri deild samþykti hana í einu hljóði.

Sambandsfélag norrænna kvenna.

Eins og lesendum Kvbl. er kunnugt þá var þetta mál til umræðu meðal nokkurra af fulltrúunum á hinum síðasta norræna kvennafundi í Khöfn. Ekkert var að vísu af gert um það efni, heldur var því skotið til þeirra kvennréttindafélaga, sem tekið höfðu þátt í fundinum, og öðrum félögum, sem hefðu kvenréttindamálið ásamt öðrum málum á stefnuskrá sinni, var einnig ætlað að geta verið með.

Margt mælir með því að Norðurlandakonurnar taki þannig höndum saman í viðleitni þeirra að vinna að almennum málum. Einkum er það skyldleiki þessara þjóða, svipuð löggjöf og lífnaðarhættir, sem mundu létta mikið undir slíkum félagsskap, og gera hann meira andlega arðberandi, en venjulegan alþjóðafélagsskap, þar sem málin, ólík þjóðerni, og ólíkir lífnaðarhættir koma í veg fyrir marga nánari samvinnu, þekkingu og skilning á staðháttum og málefnum, milli kvennanna.

Eg hefi jafnan talið mjög æskilegt að slíkt samband kæmist á. Einkum væri það æskilegt fyrir okkur íslensku konurnar, sem erum svo afskektar frá umheiminum, en gætum með þessari samvinnu aukið þekkingu okkar á mörgu því, sem oss er afarnauðsynlegt að kynnast, einkum nú, þegar konur vonandi fara að fá meiri réttindi út á við, og fara því eflaust að hafa meiri afskifti af ýmsum almennum málum en áður.

Á kongressinum í fyrra í Budapest hafði eg orð á þessu við nokkrar sænskar og norskar konur, og töldu þær slíkt samband mjög æskilegt, en óvíst að það yrði framkvæmanlegt, af því flestöll norræn kvenfélög væru svo önnum kafin bæði í innlendum, og alþjóðalegum félagsskap, að þær mundu tæpast geta sint nýjum, viðtækum fjelagsskap, sem útheimti talsverð aukin störf og útgjöld.

En eftir því, sem lesa má í ýmsum norrænum kvennablöðum taka þó konurnar fremur vel í þessa fyrirhuguðu félagsmyndun. Alt nánara í því efni, er falið »Dansk Kvindesamfund«, sem stóð fyrir fundinum í Khöfn í vor, og verða menn að snúa sér til formanns félagsins, hinnar góðkunnu frú Astrid Stampe Feddersen um alla þá hluttöku, sem við kynnum að vilja taka í þessum félagsskap. En helst þarf það að vera afgert fyrir nóvember lok í haust.

Ætlast er til að þau félög, sem vilja stofna þenna félagsskap, sendi fulltrúa næsta vor, eftir því sem þá verður ákveðið nánar, til að stofna félagið, semja lög þess o. s. frv. Líklegt er að ýms mál verði þar rædd, og þar á meðal enn á ný hin fyrirhugaða skandinaviska hjónabands og barnalöggjöf.

Fyrir oss kvenréttindakonurnar íslensku er þetta mál mjög mikilsvert. Kvenréttindafélagið hafði 1907 tekið þetta mál til umræðu og hafði þá fengið loforð þingmanna til að flytja áskorun frá fél. þess efnis, að það skoraði á Alþingi að hlutast til um að landstjórnin tæki þessi mál til endurskoðunar, einkum þau atriði, sem snertu óskilgetin börn og mæður þeirra, og legði svo á næstu árum frumvarp um það, fyrir Alþingi. En því miður druknaði þessi áskorun í konungskomunni, og flutningsm. vanst ekki tími til að fá hana tekna á dagskrá.

Nú hefir Kvenréttindafélagið hér í Reykjavík enn á ný tekið þetta mál til umræðu og yfirvegunar, og mun nú í vetur leitast við að fá það skýrt fyrir konum, og því hrundið eitthvað áleiðis. Að minsta kosti svo mikið, að konur fari að skilja það, hvílíkt nauðsynjamál og réttlætiskrafa það er, að einhverjar lagalegar og praktiskar réttarbætur fáist á því ástandi, sem nú er, í slíkum efnum.

Þetta mál og mörg önnur fleiri, hafa nú konurnar á öllum hinum Norðurlöndunum haft á stefnuskrá sinni undanfarið og unnið mikið að, enda líka fengið miklar bætur á ýmsum atriðum þessarar viðtæku löggjafar. Og nú síðast þegar stjórnir allra þriggja Norðurlanda: Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs hafa sett nefnd til að semja fullkomna fjölskyldulöggjöf, sem væri í samræmi fyrir öll Norðurlönd, þá hafa ýmist konur verið teknar með inn í nefndirnar, eða kvenréttindafélögunum hefir verið boðið að leggja fyrir þær sínar tillögur í þessum málum.

Vér íslensku konurnar höfum engum íslenskum löglærðum konum á að skipa, hvorki innan lands né utan, svo vér getum ekki sett fyrir okkur neinn kvenlegan sérfræðing í þeirri grein. En vér bæði getum og munum líka fá oss lögfræðing til aðstoðar í þessum efnum. Og sjálfar verðum við að kynna okkur vandlega þau lög, sem við búum undir, og oss snerta persónulega, bæði í þessum efnum og öðrum. Á þann hátt getum vér best séð hvað oss þykir ósanngjarnast í þeim, og allra nauðsynlegast að breytt verði.

Allar hinar norrænu þjóðir, eiga sínar sérmentuðu konur, nær því í öllum efnum, sem bundist hafa fyrir ýmsum framförum, bæði í löggjöf þjóðanna og verklegum efnum. Þeim málum gætum vér haft ómetanlegt gagn af að kynnast, og sömuleiðis af persónulegri viðkynningu við konurnar,mundum vér fá nýjar framfara hugsjónir, og leiðbeiningar í ýmsum efnum, sem mundi vekja starfslöngun kvenna hér, bæði í þjóðfélagsmálum, og verklegum efnum, til framfara og heilla fyrir alla.

En um beina hluttöku frá vorri hendi í þessu löggjafarstarfi Norðurlanda, sem nú liggur fyrir, gæti auðvitað ekki komið til mála, enda ekki til þess ætlað af þeim, sem til fundarins boðuðu. Íslandi hefir ekki verið boðið að vera með í þessari löggjafarnefnd, svo vér vitum, hvorki í gegnum þing eða landstjórn. Þar af leiðandi gætum vér heldur ekki tekið neinn þátt í þeim umræðum. Vér hefðum hvorki tillögurétt né mundum óska þess, þótt vér gætum lagt fram full ábyggilegar og rökstuddar tillögur, af því hvorki landsstjórn vor né löggjafarvald á þar neitt um að fjalla.

Vér getum haft ómetanlegt gagn af að fylgjast með þeim frumvörpum, tillögum og umræðum, sem koma fram í þessu máli. Á næstu árum verður það auðvitað eitt af viðfangsefnum landsstjórnarinnar og löggjafarvaldsins íslenska, að fjalla um og breyta ýmsum þessum lögum. Þá verður eflaust hin nýja löggjöf Norðurlandaþjóðanna höfð til hliðsjónar, og þá er oss mjög áríðandi að fytgjast vel með þeim göllum, sem konur hafa talið vera á henni, og bera þá saman við vor lög og vora staðhætti.

Íslensku konurnar ættu að vera fúsari til samvinnu en þær hafa verið hingað til, og gleyma dálitið hreppapólitíkinni, sem mörgum er svo hætt við að setja fremsta. Hið ákjósanlegasta væri að öll kvenfélög landsins tækju sig saman í eitt sameiginlegt landsfélag, í líkingu við hin alkunnu »Kvennaráð«, sem nú eru mynduð í flestum löndum. En þá mætti ekki ófundssýkin og tortryggnin komast þar að: Að hver landshluti vildi toga í sinn skækil, og ekki fara út fyrir sín takmörk. Við gætum haft ósegjanlega gott af slíkum félagsskap, sem væri stofnaður undirbyggjulaust, en af einlægum áhuga fyrir því, að vinna allar saman í eindrægni, hver á sínu sérstaka sviði, að sameiginlegri velferð lands og lýðs. Þar sem hin óliku félög sameinuðust öll í hinu alkunna einkunnarorði og stefnuskrá »Kvennaráðanna«:

»Eins og þér viljið að mennirnir breyti við yður, svo eigið þér einnig að breyta við þá«.

Frá útlöndum.

Noregur.

Stórþingið í Kristjaníu hefir þ. 5. júní, með 71 atkvæði, samþykt lífsábyrgðarlög fyrir mæður. Allir sjúkrasjóðir veita þeim konum, sem þá eru líf- og heilsutrygðar, ókeypis hjálp yfirsetukvenna við fæðingar, og eftir þeim dagpeninga að minsta kosti í 14 daga fyrir fæðinguna, og 6 vikur eftir hana. Fæðingarstyrkurinn er minst 1 króna á dag. Giftir menn, sem eru trygðir í þessum sjúkrasjóðum hafa rétt til að fá alla þessa sömu hjálp ókeypis handa konum sínum, þótt þær séu ekki trygðar sjálfar og 40 krónur í peningum við hverja fæðingu.

Norska Stórþingið veitti eins og það er vant, Kvenréttindalandsfélaginu í fyrra, 1000 króna ferðastyrk á Budapestkongressinn. Næsta ár áður hafði það veitt öðru landsfélagi kvenna: »Det norske Kvinderaad« 1800 kr. ferðastyrk á kongress, sem Alþjóðakvennaráðin héldu í Ameríku. Nú í vor veitti Stórþingið enn á ný 1000 kr. ferðastyrk, sama félagi, til að senda konu á Kongress sem þessi sambandsráð héldu í Róm, nú í júlí. Frk. Gína Krog, ritstýra »Nylænde«, sem er formaður í báðum þessum félögum, hefir farið nú eins og áður, sem fulltrúi norskra kvenna á þenna fund, með þessum styrk.

Svíþjóð.

Selma Lagerlöf hefir fengið gullmedalíu hinna sænsku háskóla og verið gerð að meðlim af háskólaráðinu. Hún er fyrsta konan sem sú sæmd hefir hlotnast í Svíþjóð.

Frakkland.

Hin franska lærða frú, Henrie Victor, hefir eftir því sem »Illustrated London News« skýrir frá, gert þá stóru vísindalegu uppgötvun að »Mikrober« breytist í aðra tegund, ef þeir verða fyrir sterkum fjólubláum geislum. Uppgötvun þessi er sögð mjög þýðingarmikil.

England.

Sylvia Pankhurst hefir nú tekið sig út úr félagi því, sem móðir hennar og systir standa fyrir, og myndað sérstakt kvenréttindafélag í austurhluta Lundúna, meðal fátækasta lýðsins, sem elskar hana eins og góðan verndarengil sinn. Nýlega sendi hún Asquith skeyti, að hún óskaði að fá áheyrn hjá honum handa sendinefnd, sem félag hennar ætlaði að kjósa, til að tala við hann. Asquith neitaði að vanda, að móttaka nefndina. Sylvia var í fangelsinu í Halloway, fyrir ræðu, sem hún hafði haldið, þegar þetta var, og hótaði nú að hefja sultar- og drykkjar »strejk« þangað til ráðherrann veitti þeim áheyrn. Hún framkvæmdi þessa hótun og Asquith varð svo nauðugur viljugur að láta undan, þegar hún var orðin nær dauða en lífi af sulti. Hann talaði lengi, og all-vinsamlega við nefndina, sem skýrði honum

frá ástandi verkakvenna í austurhluta Lundúna. Ymsar þeirra skýrðu frá sinni eigin reynslu, sýndu honum hluti, sem þær byggju til í verksmiðjum, sem seldir væru háu verði, en þær fengju verstu sultarlaun fyrir, og sögðu hvernig sumar þeirra hefðu verið reknar í dauðann vegna báginda og harðréttis. Þær kröfðust kosningaréttar fyrir allar 21 árs gamlar konur, og að Sylvie væru gefnar upp sakir, og hún væri ekki lengur undir »The cat and mauses« þvingunarlögum. Asquith lofaði að hann skyldi rannsaka mál þetta vandlega, skrifaði upp hjá sér nöfn tveggja verksmiðjueigandanna, og hét að tala um Sylviu Pankhurst við innanríkisráðherrann, sem hefði með öll slík mál að gera. Um kosningarréttinn sagði hann lítið ákveðið. Lézt mundi vilja hann annaðhvort handa engri konu, eða öllum 21 árs konum og karlmönnum.

Enska kirkjan.

Fyrirbœnir kirkjunnar. Seint í maí er þess getið í enskum blöðum að »Lord« biskupinn í Lundúnum, æðsti maður kirkjunnar, sem á sæti í efri málstofu Parlamentisins hafi sent út svohljóðandi fyrirskipanir til kirknanna:

— — »Biðjið um réttar skoðanir á hinum sérstöku málum þessara tíma: — Írlands, Wales og kosningarréttarmáli kvenna. Það eru úrlausnarefni og vandamál heimilanna, um húsnæðisleysi, sveltilaun og óbætanlega fátækt, sem vinnan á að bæta úr. Biðjið um hækkandi alþýðlega samviskusemi og vaxandi heiðarleika og siðgæðiskröfur, algerða breytingu frá hinu núverandi tvenskonar siðferðislögmáli fyrir hreinleika og siðgæðum karla og kvenna. Biðjið um útrýmingu á því fyrirkomulagi, sem leyfir grimdina við saklausa. Biðjið fyrir fórnum hvíta mansalins, og afnámi þess.

Kirkjan verður aftur að verða vald í landinu«.

Taugaveiklun.

Frægur amerískur læknir og sérfræðingnr í taugasjúkdómum, hefir skrifað margar greinar um taugaveiklun kvenna. Það, sem hér fer á eftir er lítill útdráttur úr þessum greinum:

»Taugaveiklun er ástand, sem er annaðhvort sprottið af sjúklegri viðkvæmni í taugakerfinu eða skorti á hæfileikum til að stjórna störfum þess, eða hvorutveggju þessu í sameiningu. Ástæðan að þessu ástandi mannsins er líkamleg eða sálarleg veiklun. — Og það sálarlega er oftast aðalorsökin.

Sumir eru fæddir taugaveiklaðir, þannig að taugakerfið þroskast ekki samræmilega. Hjá sumum eru það afleiðingar af heimskulegu lífi, og hjá sumum er það arfgeng veiklun, eða af því þeir hafa orðið að leggja of mikið á sig andlega eða líkamlega, fyrir sjálfa sig eða aðra.

Menn verða vel að gæta þess, að taugaveiklun er merki upp á annan sjúkdóm, og afleiðingar af honum, er ekki sjálfstæður sjúkdómur. Alt er undir því komið að finna aðalástæðuna eða aðalsjúkdóminn, sem veiklar líkamsbygginguna, og er orsök til taugaveiklunarinnar, áður en von er um að unt sé að lækna hana. Auðvitað þarf að lækna sjúkdóminn í byrjuninni áður en hann verður viðvarandi, þegar fyrstu sjúkdómseinkennin koma í ljós.

Eitt af fyrstu einkennunum er ástæðulaus tilfinningasemi og bráðlyndi, út af smámununum í daglegu lífi og að finnast alt slíkt ópolandi.

Tilefni þessa er oft fyrir kvenfólk kyrsetur og tilbreytingarlaust líf og stöðug vinna með smámuni og leiðinleg og andlaus störf, sem fremur þrengja en víkka þeirra andlega sjóndeildarhring.

Þessar konur hafa oft sérstaka hæfilegleika, sem ef þeim er ekki haldið aftur, geta leitt til langrar veiklunar. Þær eru tilfinningaríkar, neita sjálfum sér um nauðsynlega hvíld og hreyfingu og baka sér oft sjúkdóma með sínum ákafa ástríðum, t. d. ástum, sorgum, hatri og metnaði. Við margfaldar endurtekningar af þessu, slíta þær kröftum sínum, sem leiðir aftur til eyðileggingar á heilbrigði líkamans.

Ekkert er jafn hættulegt eins og að venja sig á of miklar geðshræringar. Kvein og grátur út af hverju lítilræðinu og smá óþægindum lífsins, getur máske létt í svipinn, en það veiklar heilbrigði líkamans þegar til lengdar lætur, með því að sjálfstjórnar hæfileikinn veiklast og mótstöðuaflið og þolgæðið deyfist.

Hver maður verður að geta haft svo mikla sjálfstjórn að hann geti þolað ýms óhjákvæmileg dagleg óþægindi án þess að stökkva upp á nef sér. Með þessu æfast menn í sjálfstjórn þótt um stærri atriði sé að ræða, bæði andlegar og líkamlegar þjáningar. Ef menn gefa eftir eða sleppa sjálfstjórninni oftlega á geðshræringum sínum, þá veiklast bæði sál og líkami meira en menn halda.

Með góðum vilja og dálítilli skynsamlegri yfirvegun má gera mikið til þess að ná aftur sínu andlega og líkamlega jafnvægi.

Ef mönnum t. d. finst að hin breytingalausu innistörf hafi þreytandi og veiklandi áhrif, og séu of erfið fyrir kraftana, þá verða menn að fá sér tíma til hressingar og upplyftingar, og gefa sig heldur að öðrum efnum, sem víkka andlega sjóndeildarhringinn og láta menn sjá

hlutina í sínum réttu hlutföllum við annað, í stóru og smáu.

Að eiga bágt með að ákveða sig í smámunum, er oft merki um taugaveiklun, en það verður að yfirvinnast með fullkominni sjálfstjórn. Ef þú átt að taka ákvörðun, þá yfirvegaðu vandlega ástæðurnar með og móti. Taktu síðan ákvörðun þína og haltu fast við hana, jafnvel þótt þú sjáir að hún verði ekki heppileg. Að rokka fram og aftur í smámunum, er mikill missir af kröftum, við hluti, sem eru einskis virði.

Alvarlegri sjúkdómseinkenni en þessi ofanrituðu, er það, að eiga erfitt með að festa athygli við eitthvað sérstakt, minnisleysi og þreyta við alla andlega áreynslu. Þó mega menn ekki ætla strax að þetta sé ólæknandi veiki. Lækningin er: hvíld, og hún verður að takast, sem fyrst. Ef ekki eru mikil brögð að veikinni, þá er oft nægilegt að hafa vinnuskifti eða fækka vinnutímunum. Hafi menn haft innivinnu og kyrsetur, þá þarf að útvega sér meiri útivinnu. Þegar mikil brögð eru að veikinni þá þarf að taka sér algerða hvíld frá vinnunni um tíma.

Yfir höfuð þurfa menn að læra þá list að kunna að hvílast andlega og líkamlega. Ef menn kunna að hvílast líkamlega og liggja eða sitja alveg grafkyrrir, svo allir vöðvar linist upp, þá er það oftast bezta ráðið til andlegrar hvíldar.

Taugaveiku fólki eða veikluðu, er mjög holt og hentugt að taka sér eins eða tveggja klukkustunda algera hvíld daglega, á sama tíma dagsins. Það er oft erfitt að fá því framgengt stöðugt, en þó hægra og kostnaðarminna en langur sjúkdómur, sem annars er hætt við. Vakið stranglega yfir því, að enginn trufli yður á þessum hvíldartímum, ef ekkert sérstakt kemur fyrir. En hvort þér notið tímann alveg til líkamlegrar hvíldar, ellegar þér hafið hann til andlegrar hressingar, t. d. til að lesa góða bók o. s. frv., það kemur undir sjálfum yður, og því hvers yður finst þér þarfnist mest.

Gott fæði, nægur svefn og heilnæmt loft er eins og menn vita beztu meðulin við taugaveiklun. Við þetta má bæta þessu: Reynið að taka alla smámuni lífsins með ró, sitjið ekki of mikið lokaðir inni, hvorki í herbergjum yðar, eða grafnir ofan í hugsanir yðar. Brjótið ekki heilann lengi um smámuni, haldið geðshræringum yðar í skefjum — og umfram alt — venjið yður ekki á að vera að brjóta heilann um yður sjálfa, og »stúdera« yðar eigin sjúkdómseinkenni!

Lady Mary Blomfield.

Menn hafa líklega séð þess getið í ýmsum enskum blöðum (auk hinna stórmerku íslensku »dagblaða!«) að ung ensk dama hafi við »móttökuhátíð«, sem Georg Bretakonungur hélt fyrir hirð sína og tignarfólk í höll sinni í vor, ráðist á konunginn, eftir vanda Suffragettanna og verið rekin á brott úr höllinni eða jafnvel fangelsuð. Ensku blöðin höfðu eftir innanríkisráðherranum að þetta hefði verið »gróf móðgun« við konunginn Og hann bætti við: »Eg játa að þessar konur hafa einskonar gáfur og hyggindi til að bera. Engin fyrirtæki hafa aflað þeim jafnmikils fylgis í »agitation« þeirra, eins og heimskupör þeirra, sem þær hafa notað til að ná tali af konunginum«. — Í blaðinu »Votes for women« 19. júní s. l. skýrir sjónarvottur einn frá hvernig þessi »grófa móðgun« var framin:

»Móðir Mary, lady Blomfield, ásamt báðum dætrum sínum voru mjög hlyntar kvenréttindahreyfingunni í Englandi og höfðu unnið að henni á löglegan hátt, í Broadway, þar sem þær áttu heima. Þær komu til London 4. júní til að taka þátt í móttökunni við hirðina hjá konunginum og síðan ferðast til útlanda. En löngu áður hafði Mary Blomfield ákveðið með sjálfri sér, án þess að geta um það við nokkurn lifandi mann, að nota þetta tækifæri til að tala beint við konunginn og biðja hann að afnema þvingunarmótunina sem höfð væri við konurnar, ef því yrði ekki hætt áður, eða ef konunum yrði altaf neitað að ná tali af konunginum í þessu skyni.

En af hendingu komst móðir hennar að þessari fyrirætlun hennar og ásetti sér því að láta hvoruga dóttur sína fara með sér, af því að hún gat ekki fengið Mary til að hætta við þetta áform sitt.

En daginn áður en móttakan átti að verða, datt Mary í hug að hún gæti máske útvegað sér »boð« eða leyfi til að koma, án þess að vera með móður sinni, svo hún hefði ekki ábyrgð á tiltæki hennar. Þetta tókst. Báðar ungu stúlkurnar fengu aðgang, og Elinor Blomfield beygði sig einmitt niður fyrir drottningunni, þegar systir hennar kraup niður frammi fyrir hásæti kóngsins, rétti upp hendurnar og sagði hátt og rólega: »Yðar hátign, stöðvið í guðs nafni þvingunar-mótunina«!

Kónginum hnykti við, en áður en nokkur gat áttað sig, höfðu tveir þjónar sprottið upp og fært ungu stúlkurnar burtu. Þetta nam ekki meira en örfáum mínútum. Ekkert var farið illa með þær, en aðeins örlítið stykki af »chiffon« af kjólslóðanum, með blúndu á, lá á gólfinu frammi fyrir hásætinu.

Kóngurinn spurði á eftir hvað hefði verið gert við þessar tvær fallegu ungu stúlkur og var hann fullvissaður um, að þær væru á heimleið, sem var aðeins að nokkru leyti satt. Lög-

reglan var sem sé farin á stúfana, til að handsama þær, eftir símskipun frá hærri stöðum, en við það var hætt, þegar konungurinn fór að spyrja eftir þeim. Daginn eftir talaði Lady Blomfield við »lávarð Chamberlain« og afsakaði þetta. Auðvitað fellst hún ekki á þetta brot á »góðum siðum« frammi fyrir konungsfólkinu, sem hún og ætt hennar hafði í mörg ár verið í vinfengi við. En hún skildi fullkomlega tilgang dóttur sinnar, og þá hluttekningu og brjóstgæði, sem kom henni til að breyta svona.

»Bardagaaðferð« eða »gróf móðgun« getur þetta naumast kallast. Það útheimtir talsverðan kjark af ungri feimri stúlku að framkvæma það. — Og það er eftirtektavert og sýnir hversu þessi kosningaréttarhreyfing hefir gagntekið hinar »æðri« stéttir í Englandi.

Hamingja.

(Þýtt).

„Smári! Reglulegur fjórblaðaður smári!" Frú Hedevig stökk svo léttilega, eins og hún væri kornung stúlka, ofan úr hólunni, sem hún hafði legið í hálfsofandi, og tíndi upp smárann varlega, en þó skjálfhent, af ákafanum að ná honum, þessum litla lukku smára, sem hún hafði komið auga á, þegar hún lá þarna áðan og starði hálfmókandi og hugsunarlaust út í geiminn. Henni fanst hann vera einskonar hamingjuboði.

Það var líka í fyrsta skifti á æfinni, sem hún hafði fundið smára. Hún hafði heldur aldrei haft hepnina með sér. Ekki í nokkrum sköpuðum hlut.

En nú hlaut hún að koma! Frú Hedevig var reglulega forvitin að sjá hvernig þessi hepni mundi verða útlits. Í hverju hún mundi liggja. Hvernig óskaði hún sér að þessi hepni yrði? Hún studdi hönd undir kinn og hugsaði sig um. Hvers ætti hún nú eiginlega að óska sér?

Þegar hún hugsaði sig vel um, þá hafði hún nú eiginlega alt sem hun gat óskað sér. Hún átti góðan duglegan mann — já, það var hann reyndar! Viðkunnanlegt heimili, þar sem engan hlut vantaði. Anna var nú líka svo ágæt, hún eiginlega stjórnaði hér um bil öllu og gerði öll verkin tilsagnarlaust — en hún hafði nú líka verið hjá þeim í 15 ár. — Tvö góð og falleg börn — þau voru bráðum orðin stór. Telpan á 16. ári og drengurinn nærri 9 ára. En því hafði hún líka giftst svona fljótt? Þau höfðu líka útvalinn vinahring og hún átti falleg föt og ríkulega peninga til heimilisþarfa — og öll voru þau, guði sé lof, heilsugóð. Einkanlega núna, þegar þau bjuggu í inndæla sumarbústaðnum þeirra út á landinu.

En hvað vantaði hana þá? Og hvaðan ætli þessi hamingja mundi þá eiginlega koma?

Ó, jú. — Í dag var laugardagur. Þá kom maðurinn hennar út á landið til þeirra, þegar verzluninni var lokið og var allan sunnudaginn heima hjá henni og börnunum. Það var nú gott og blessað, En ekki var það hamingjan, sem smárinn boðaði! Máske verzlunin hefði gengið vel seinustu dagana, svo maðurinn hennar kæmi heim með rauðu silkiblúsuna handa henni, sem hún hafði nýlega dáðst svo mikið að í búðarglugga á Austurgötu. — En guð minn góður! Enginn gat kallað það hamingju! Hún átti fjórar silkiblúsur áður, og rautt færi henni líklega ekki vel, það gerði hana sjálfsagt of fölleita. Henni var yfir höfuð orðið svo sama um alt, fyrst hún fékk alt svona fyrirhafnarlaust og þegar allar manns óskir uppfyllast næstum því strax og maður lætur þær í ljósi, þá kærir maður sig ekki lengur um neitt. Jú, ef maður gæti sjálfur unnið sér eitthvað inn, með sinni eigin vinnu og dugnaði. Það væri alt annað, þá hlaut maður að geta orðið glaður og hamingjusamur.

En hún þurfti ekki að vinna, það gerði maðurinn hennar og frökenin, sem var í versluninni, og Anna sá um alt á heimilinu. Æ, já, frökenin? Það var nú alt annað með hana. Hún kunni alt, vissi um alt á skrifstofunni. Hún og verzlunareigandinn voru eitt höfuð og ein sál. Auðvitað bara í verzlunarmálunum. Nei, frú Hedevig hafði aldrei haft ástæðu til að vera hrædd um manninn sinn. Nei það hafði hún ekki. Ef stúlkan hefði verið ung og lagleg! En hún var nú löngu komin af hinum svokallaða giftingaraldri. —

Frú Hedevig hló. Það lá svo vel á henni í dag. hún réði sér varla fyrir kátínu, eins og þegar hún var ung. En guð minn góður, var hún ekki líka ung enn þá? Hún, sem var bara 35 ára. Á þeim aldri giftast margar konur. Hver getur líka gert að því að börnin vaxa svona fljótt! Það væri nú líka betra að gifta sig ekki svona snemma! Hún var ekki einu sinni 18 ára, þegar hún gifti sig.

En það var nú tími tilkominn að fara að klæða sig almennilega. Hvíti og bláröndótti „Lawn tennis" búningurinn hennar og barðalitli sjómannshatturinn fóru henni ágætlega, og nú vildi hún líka vera falleg. Hún ætlaði að taka á móti manninum sínum á járnbrautarstöðinni, og hann kemur auðvitað með hamingjuna! Yfir andliti hennar lá einhver eftirvæntingar og gleðisvipur.

Nú stöðvast lestin, og hún sér þegar manninn sinn, sem er höfði hærri flestum öðrum. Hún heilsar honum brosandi, og stingur handleggnum undir arminn á honum. Þau eru falleg hjón þarna hvort við hliðina á öðru, þar sem þau ganga saman.

„En hvað liggur vel á þér í dag! og hvað þessi kjóll fer þér vel! Hann er ljómandi fallegur. Er hann nýr?"

„Hamingjan góða! Nei! Hann er frá því í hitt eð fyrra. Þú hefir víst séð hann oft áður.

Hann hristir höfuðið. Hann tekur sjaldnast eftir því, hvernig hún er klædd. Hann veit bara að hún er lagleg, einkanlega í dag.

Þau ganga þegjandi hvort við annars hlið. Hann dregur djúpt andann, til að soga sem mest niður af hinu hreina sveitalofti. Hún horfði eftirvæntingarfull upp á hann.

„Nú, nú, góði minn, segirðu ekkert í tréttum? Ekki nokkurn skapaðan hlut?"

»Nei, hvað skyldi það svo sem vera? Jú, það hefir verið gert innbrot í hús í Pílustræti, eldsbruni verið í Stóru-Kóngsinsgötu og úti við Allégötuna hefir rafmagnssporvagn og hestvagn rekist á. Jú — og hugsaðu þér líka — svo hefir frökenin okkar trúlofað sig!" —

„Hvað segirðu? — Á hennar aldri? Þú ert víst að gera að gamni þínu.

Hann veifar gremjulega göngustafnum sínum upp yfir nokkur hávaxin kornöx. Nei, því er ver og miður; það er altaf svo gremjulegt með kvenfólkið. Þær eru allar svo duglegar, og viljugar og iðnar, og ódýrari en ungu piltarnir. En þegar maður er búinn að venjast að vinna með þeim, þá kemur einhver ókunnugur maður, og tekur þenna góða vinnukraft frá manni, alveg upp úr þurru. Hann ætti eiginlega að greiða mér skaðabætur, strákurinn.

Æ i já; frökenin var svo dugleg, og þekti svo vel til alls.

„Eg veit hreint ekki hvað eg á að taka til bragðs. Nú, þegar eg hafði ætlað mér að ferðast talsvert, og alveg ný stúlka er handónýt fyrst um sinn. Og geti eg svo komið henni til, svo hún dugi nokkuð, þá hrifsar einhver hana ef til vill burtu líka. Fyrir konurnar eru fésýslustörfin ekkert annað en millibilsástand«.

„Jæja, fáðu þér þá einhverja gamla", sagði hún hlæjandi.

»Já, það er nú meiri vandinn«, sagði hann ákafur. „Þær sitja allar fastar þar sem þær hafa verið, eins og mín fröken. Og giftast vilja þær líka allar saman".

Það fór að fara um frúna. En ef nú kæmi einhver ung og lagleg stúlka og skemtileg í verzlunina. Maðurinn hennar hafði mikla kvenhylli, það vissi hún vel. Hann fullyrðir reyndar jafnan að það sé sér algerlega sama, en menn geta þó aldrei vitað — — —

Hefði Elsa litla verið dálítið þroskaðri! En það barn gat hún þó ekki látið á skrifstofuna, þar sem hún þyrfti að vera svo mikið alein",

Hún leit upp í loftið á skýin, sem liðu áfram. Eitt af þeim var svo undarlegt í laginu. Það var alveg eins og blekbytta. —

„Hvernig vildir þú helzt að hún væri, vinur minn?

„O, svona um 34—35 ára gömul".

„Svona á mínum aldri?"

Hann lítur á konuna sína. »Já, það væri einmitt hæfilegt. Þekkir þú nokkra svoleiðis stúlku?«

Hún þagði ofurlítið, og sagði svo gladlega og ákveðið, um leið og hún leit einkennilega á hann: „Taktu mig!«

Hann sló göngustafnum aftur út yfir rúgakurinn.

»Nei, hlustaðu nú á mig, vinur minn. Eg er ekki heimsk. Manstu ekki eftir því, að eg hefi líka gengið á verzlunarskólann. Eg man það alt saman vel ennþá. „Debet" er sá sem tekur á móti, og „Credit" er sá sem gefur eða lætur eitthvað úti. Og svo dregur maður aðra röðina frá hinni, og þá kemur út „Saldo". Og tekjurnar skrifar maður á vinstri síðuna, en útgjöldin á þá hægri. Reikning kann eg vel. Spurðu bara Knút. Og eg skal líka leggja mig í líma með að skrifa fallega rithönd".

Hann horfði alveg forviða á hana. „En heimilisstjórnin og börnin?«

»Og það gengur alt saman án mín, vinur minn, það segi eg þér satt. Anna er svo dugleg og hugsunarsöm og gerir ætíð alt í húsinu alein. Og Elsa kemur heim nú í október, frá hússtjórnarskólanum, og hún er svo sjálfstæð, að eg er viss um, að okkur kemur ekki saman um heimilisstörfin hérna. Það hefi eg altaf verið hrædd um, því hún vill núna helst gera alt sjálf.

Hann hugsaði sig dálitla stund um. Þetta var nú hreint ekki svo vitlaus tillaga. Þvert á móti. Það var beinlínis ginnandi að hugsa til þess, að geta verið á hverjum degi saman með konunni sinni, til þess að vinna fyrir þeirra sameiginlega lífsuppeldi. Þá þurfti hann ekki heldur að taka neitt sérstakt tillit, og þá hefir hann manneskju, sem hann má fullkomlega trúa, og getur talað við um hvað, sem fyrir kemur. Engum mun þykja það undarlegt, þótt hann hafi konuna sína með sér í verzluninni. Og þótt það furðaði sig, hvað kærði hann sig þá um, hvað fólk segir?

„Jæja; ætlarðu þá að taka nýju frökenina, góði minn? Hún hleypur ekki til að gifta sig fyrir nefinu á þér, það ert þú víst viss um", sagði kona hans ísmeygilega, rétt við eyrað á honum.

Hann segir „já" glaður og ánægður.

Frú Hedevig ætlar sér nú undireins þegar þau hafi flutt heim til borgarinnar aftur, að láta frökenina koma sér niður í reikningsfærslunni. Og Elsa er frá sér numinn af ánægju af að heyra um allar heimilisskyldurnar, sem hún eigi að taka við.

Knútur lætur móður sína heita sér því hátíðlega, að hjálpa honum með reikninginn, eins og áður. Með það er hann ánægður.

Og frú Hedevig! Hún liggur aftur í hengirúminu, og les upp aftur og aftur grundvallarreglurnar fyrir bókfærslu, reikningi og víxilfræði, í gömlu